



Leiðbeinandi tilmæli
um rétt tjónþola til bótagreiðslu með fyrirvara.

nr. 3/2002

Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Janúar 2002

Inngangur.

Fjármálaeftirlitið hefur um nokkurn tíma unnið við athugun á framkvæmd váttryggingafélaga varðandi notkun fyrirvara við bótauppgjör. Með bréfi, dags. 26.09. 2000, óskað Fjármálaeftirlitið eftir tilteknum upplýsingum frá váttryggingafélögum um framkvæmd fyrirvara í bótauppgjörum og túlkun á 2. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga.

Sem kunnugt er fara aðilar (viðskiptavinir/tjónþolar/eða lögmenn) stundum fram á það að setja skriflegan fyrirvara við bótauppgjör. Þessi afstaða getur m.a. byggst á því að tjónið sé ekki að fullu fram komið eða að ágreiningur er uppi um túlkun laga, váttryggingaskilmála, einstaka bóталиði, bótafjárhæð, vexti eða önnur atriði. Um er að ræða margvísleg tilfelli eftir greinum váttrygginga.

Í 1. og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga segir svo:

"Krefja má um greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga, er þörf var á til þess að meta váttryggingarathurðinn og ákveða upphæð bótanna. Ef augljóst er orðið, áður en endanleg ákvörðun bótanna getur átt sér stað, að félaginu beri að minnsta kosti að greiða nokkurn hluta upphæðar þeirrar, er það er krafði um, má krefjast greiðslu á þeim hluta hennar samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 1. mgr. þessarar greinar."

Ákvæði þetta er sett tjónþola/váttryggðum til hagsbóta, þannig að hann geti fengið þann hluta tjóns greiddan sem ljóst er orðið um. Það er ekki skilyrði samkvæmt ákvæðinu að tjónið þurfi að hafa komið fram að verulegu leyti heldur nægir að ljóst sé orðið um nokkurn hluta bótafjárhæðarinnar.

Lengi hefur tíðkast á meðal váttryggjenda að greiða bætur vegna tjóns "án viðurkenningar á bótaskyldu," í tilvikum þar sem váttryggjanda þykir t.d. leika vafi á bótaskyldunni, en hann ákveður engu að síður að greiða tjónið. Segja má að hér sé fyrirvari váttryggjanda bæði hvað varðar bótaskyldu og bótafjárhæð, að því er varðar sams konar tjónsatvik sem upp kunna að koma síðar.

Því hefur borið við að váttryggjendur hafi, þrátt fyrir 24. gr. laga um váttryggingarsamninga, neitað að greiða hluta tjóns sem þó er ágreiningslaus hvað varðar bótaskyldu eða bótafjárhæð að hluta til, nema gegn móttöku bótagreiðslu án allra fyrirvara um frekari bótakröfur, eða jafnvel að áskildu afsali allra frekari bótakrafna. Fjármálaeftirlitið telur að hér sé um þvingun eða beitingu á yfirburðaaðstöðu af hálfu váttryggjenda að ræða sem telja verður í andstöðu við ákvæði 24. gr. laga um váttryggingarsamninga og kröfur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti í váttryggingastarfsemi. Dómstólar hafa í nokkrum tilvikum komist að sömu niðurstöðu og dæmt váttryggjendur til þess að greiða bætur með vísan til 24. gr. nefndra laga um váttryggingarsamninga.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með viðskiptaháttum váttryggingafélaga, sölustarfsemi þeirra og tjónsuppgjóri. Fjármálaeftirlitið hefur samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi heimild til að gefa út og birta opinberlega almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi eftirlitsskyldra aðila.

Markmið eftirfarandi tilmæla er að váttryggjendur hagi tjónsuppgjörum sínum í samræmi við ófrávíkjanlegt ákvæði 24. gr. laga um váttryggingarsamninga og móti sér verklag sem miðar að því að tjónþoli fái greinargóðar upplýsingar um bótarétt sinn og fái greiddar án

ástæðulausrar tafar þær bætur sem honum ber. Ef ekki eru komnar fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta bótaskylduna, eða ef ágreiningur er uppi um túlkun laga, skilmála eða önnur atriði, sé tjónþola eftir því sem unnt er greiddar bætur að hluta til í samræmi við ákvæði tilmælanna.

1. gr. Upplýsingaskylda

Vátryggjandi skal sjá til þess að tjónþolar fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliða bótauppgjör þannig að þeir geri sér grein fyrir því hvernig bætur til þeirra eru ákvarðaðar. Fallist vátryggjandi ekki á bótakröfu tjónþola nema að hluta til skal hann rökstyðja og sundurliða bótauppgjörið þannig að tjónþola sé ljóst að hvaða leyti krafa hans er ekki tekin til greina.

2. gr. Réttur til greiðslu bóta

Þegar upplýsingar liggja fyrir um tiltekinn hluta tjóns og sá hluti er ágreiningslaus skulu vátryggjendur greiða út þann hluta tjónsins í samræmi við 24. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga, krefjist tjónþoli þess. Vátryggjendur skulu ekki binda slíkar greiðslur skilyrðum.

Greiði vátryggjandi ekki hluta tjóns eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. skal hann greiða dráttarvexti af þeirri fjárhæð sem hefði átt að greiðast samkvæmt 1. mgr., sbr. ákvæði 3. mgr. 24. gr. laga um vátryggingarsamninga og í samræmi við ákvæði laga um vexti.

3. gr. Réttur til greiðslu tímabundins tjóns

Bótageiðslur vegna tímabundins tjóns skulu að jafnaði greiddar út mánaðarlega, sé unnt að meta tjónið eða áætla lágmark tjóns mánaðarlega og tjónþoli fer fram á slíkar greiðslur.

Athugasemdir við einstakar greinar tilmælanna.

Um 1. gr.

Ákvæði 1. gr. tekur mið af efni 3. mgr. 58. gr. laga nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi. Meginmarkmið tilmælanna varðar greiðslu bóta að hluta til, en eðlilegt þykir að fjalla einnig um almennar skyldur og upplýsingagjöf við bótauppgjör samhengis vegna.

Um 2. gr.

Hér er sett það skilyrði fyrir rétti tjónþola til greiðslu hluta tjóns, að sá hluti sé ágreiningslaus. Á þetta sérstaklega við um bótauppgjör sem eru sundurliðuð í nánar tilgreinda og aðskilda bótaþætti, en getur einnig átt við þegar aðeins er ágreiningur um hreint mat á bótafjárhæð.

Oft fara bótauppgjör fram með þeim hætti að samið er um greiðslu heildartjónsins í einu lagi, að undangengnum samningaviðræðum og er þá jafnvel samið um greiðslu vegna tiltekinnna bótaaliða gegn niðurfellingu á öðrum bótaaliðum eða öðrum tilslökunum. Ef slíkir samningar nást ekki tjáir hins vegar ekki fyrir vátryggjanda að bera fyrir sig að ágreiningur sé um allt bótauppgjörið og þess vegna fáist ekkert greitt upp í tjónið, heldur er það skylda vátryggjandans að meta tiltekna fjárhæð sem fullyrða má tjónþoli eigi rétt á að lágmarki og greiða þá fjárhæð inn á tjónið. Þegar tjón samanstendur ekki af sundurliðuðum bótaaliðum en ágreiningur er t.d. um verðmat á hlut fyrir tjón, ber vátryggjanda á sama hátt að greiða inn á tjónið þá fjárhæð sem nemur tjóninu að mati vátryggjanda, án þess að meina tjónþola um að gera fyrirvara við þá fjárhæð.

Vátryggjendur skulu ekki setja nein skilyrði fyrir greiðslu tjóns að hluta til, eins og að krefjast þess að tjónþoli falli frá frekari kröfum, einstökum bótaaliðum eða fallist á lækun þeirra.

Um 3. gr.

Bótageiðslur þær sem hér er fjallað um eru t.d. greiðslur vegna tímabundins atvinnutjóns, á meðan tjónþoli er óvinnufær. Greinin getur m.a. átt við um greiðslur vegna annars tjóns sem verður með þeim hætti að reglulegar greiðslur sem gengu til tjónþola fyrir tjón falla niður vegna tjónsins, og annað tjón sem á sér stað jafnt og þétt, t.d. tjón vegna rekstrarstöðvunar. Vátryggjandi og tjónþoli geta samið um aðra tilhögun, t.d. þannig að lengri tími líði á milli greiðslna.

25. janúar 2002

FJÁRMÁLAEFTIRLITID

Páll Gunnar Pálsson

Ragnar Hafliðason